

SKÖPULAGSGALLAR Á LEGI, LEGHÁLSI OG LEGGÖNGUM


Fjölmargar tegundir eru til af missmíð á legi og leggöngum sem rekja má til truflunar á þroska Mülleri ganganna í fósturlífi. Sjá meðfylgjandi mynd.

Þessi missmíð getur sést í ómskoðun og vægari form s.s. hjartalaga leg hafa enga áhættu í för með sér.

Við alvarlegri form getur verið aukin hættu á:

- Ófrjósemi
- Fósturláti
- Fyrirburafæðingu, sennilega vegna minni rýmdar í legholinu eða leghálsbilunar
- Vaxtarseinkun, sennilega vegna lélegri fylgjubeðs (septum eða þunnur veggur)
- Sitjandastöðu, missmíðin kemur ekki í veg fyrir að konan geti fætt eðlilega um leggöng.

Medscape® www.medscape.com



Einstaka konur hafa farið i aðgerð vegna þessa og gætu þurft að fæða með keisaraskurði.

Konur með leganomaliu ættu að fá tíma hjá ráðgefandi fæðinga- og kvensjúkdómalækni fljótlega á meðgöngu.